

Reykjavík 24. febrúar 2017.

Póst- og fjarskiptastofnun
b.t. Óskar Hafliði Ragnarsson
Suðurlandsbraut 4, 105 Reykjavík

Varðar: Samráð um þróun sjónvarpsmiðlunar og fjarskipta

Svör Nova fara hér á eftir.

1. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað?

Augljóst er að staða IPTV er svo sterk hér á landi að þau tvö fyrirtæki sem bjóða þá þjónustu starfa á fákeppnismarkaði og hafa þar sameiginleg markaðsyfirráð, þ.e. Síminn og Vodafone. Önnur fjölmiðlafyrirtæki, svo sem RUV og 365 miðlar eru háðir viðkomandi aðilum um dreifingu efnis síns, hvort sem það er línulegt eða ólínulegt. Þetta á við þó svo að RUV og 365 miðlar hafi aðgang að þráðlausum dreifikerfum. Ástæða þess er sú að þráðlausu dreifikerfin skortir verulega tæknilega hæfni og þéttleika til að vera samkeppnishæf við IP TV kerfin sem keyrð eru yfir almenn fjarskiptanet (fixed networks) og hafa útbreiðslu til flestra heimila landsins og um leið tæknilega yfirburði. Af þessum sökum eru fá heimili á Íslandi tengd loftneti til móttöku sjónvarpsþjónustu og langflest þeirra sækja sér sjónvarpsþjónustu eftir öðrum leiðum, um það bera tölurnar yfir fjölda IPTV notenda skýrt vitni.

Það blasir því við að dreifing myndefnis/sjónvarps/vod á Íslandi fer fyrst og fremst um fjarskiptakerfi Símans og Vodafone. Aðilar sem keppa á myndefnismarkaði eru háðir þessum aðgangi að fjarskiptakerfum.

2. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á stöðu neytenda þegar kemur að aðgangi að vinsælu sjónvarpsefni?

Áhrifin eru þau að aðili sem býður upp á vinsælt sjónvarpsefni mun bjóða efnið á IPTV-veitu, einfaldlega vegna þess að langflest heimili eru nú þegar tengd við IPTV kerfin.

Þar af leiðir að aðili sem er eigandi að bæði fjarskiptakerfi og myndveitu hefur beinan hag af því að tvinna saman notkun fjarskiptakerfis síns við eigin myndveitu.

Sem kunnugt er sú staða uppi hér á landi að Síminn, sem hefur yfirburðastöðu hvað varðar IPTV markaðinn, býður eingöngu upp á sitt eigið myndefni yfir eigið fjarskiptakerfi. Undantekning er línuleg dagskrá Sjónvarps Símans. Neytendur verða því að versla fjarskiptaþjónustu af Símanum vilji þeir hafa aðgang að efni sem þeim stendur aðeins til boða í Sjónvarpi Símans.

Að mati Nova er þessi staða algerlega óásættanleg. Nova telur að neytendur verði að eiga rétt á því að versla þá myndefniþjónustu sem þeir sækjast mest eftir án þess að þeim sé gert að versla fjarskiptaþjónustu hjá sama aðila. Ekki má líta undan þeirri staðreynd að um er að ræða aðila sem hefur yfirburðastöðu á markaði, bæði á fjarskipta- og IPTV markaði. Gera verður þá lágmarkskröfu að slíkur aðili haldi aðskilnaði í rekstri sitt hvors þjónustuþáttarins og að neytendur

geti valið annan þjónustubáttinn án tillits til hins. Nova telur að sömu sjónarmið eigi þó einnig við um aðra á markaði, að ekki eigi að vera heimilt að spyrða saman fjarskiptaþjónustu og myndefnisþjónustu.

Kynnt hafa verið áform Vodafone og 365 miðla um sameiningu. Vegna þess samkeppnisumhverfis sem ríkir hér á landi er líklegt að sameinað fyrirtæki gæti tækið upp sömu skilyrði um samtvinnun efnis- og fjarskiptaþjónustu og Síminn. Sú staða myndi gera núverandi stöðu á markaði enn verri gagnvart neytendum en nú er.

3. Hvaða áhrif hefur það á samkeppni á fjarskiptamarkaði að ákveðið efni sé bundið við tiltekið net.

Að mati Nova hefur það augljós samkeppnishamlandi áhrif ef myndefni býðst aðeins yfir ákveðið fjarskiptanet. Slík samþætting, sé hún almenn og taki til aðila með umtalsverða markaðsstöðu getur aðeins leitt til þess að öðrum fjarskiptafyrirtækjum verði nauðugur sá kostur að byggja upp og reka svipaða myndefnisþjónustu og þá í svipuðu formi og samkeppnisaðilar. Slík uppbygging krefst umtalsverðra fjármuna og skapar mikla hættu á að ný og minni fyrirtæki á markaði hafi ekki burði til reksturs. Þannig mun slík þróun draga úr fjölda samkeppnisaðila og stuðla að fákeppni, ekki aðeins á myndefnismarkaði heldur einnig á fjarskiptamarkaði.

4. Skiptir máli hvort slík takmörkun (spurning 3) nái eingöngu til ólínulegs efnis?

Alls ekki, þetta á við bæði línulegt og ólínulegt efni og ekki síður ólínulegt enda er líklegt að vægi ólínulegs efnis muni aukast verulega á næstu árum.

5. Hvaða vægi hefur ólínulegt dagskrárefni í samhengi við vöruframboð fjarskiptafyrirtækja nú og nánustu framtíð?

Ljóst er að vöruframboð fjarskiptafyrirtækja mun í æ ríkari mæli snúast um að flytja myndefni. Flutningur myndefnis er nú þegar mikilvægasta þjónusta fjarskiptafyrirtækja, af hvaða toga sem þau eru, fastanet eða farnet. Í þeirri þróun sem framundan er, þegar fjarskiptafyrirtækin keppast við að auka flutningsgetu myndefnis um fjarskiptakerfi sín, er sérstaklega mikilvægt að horfa til þess að þar er og verður um bæði línulegt og ólínulegt efni að ræða. Vægi ólínulegs efnis verður síst minna en línulegs. Jafn nauðsynlegt er að ólínulegt efni og línulegt séu óháð því um hvaða fjarskiptanet þjónustan er flutt til neytandans.

6. Er það mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að geta einskorðað efnið við tiltekið fjarskiptanet?

Nei alls ekki, nema að tilgangurinn sé að hindra eðlilega samkeppni, sbr svör við sp.3.

7. Annað sem umsagnaraðili vill koma á framfæri?

Mikilvægt er að undanskija ekki svokallaða OTT þjónustu (Over the top) frá IPTV umræðunni. Með aukinni tækniþróun hefur OTT myndveiting rutt sér til rúms og mun verða enn fyrirferðameiri á komandi árum. Þar helst í hendur að þjöppunaraðferðir, myndlæsingar (DRM) og margir aðrir tækniþættir hafa aukið gæði og samkeppnishæfni OTT myndveitingar í samanburði við IPTV veiturnar.

Hér á landi hefur sú þróun orðið að loftnet fyrir sjónvarpsmóttöku eru vart notuð lengur og þjóna heldur ekki tilgangi sínum, IPTV myndveita er nú yfirgnæfandi og í höndum tveggja stærstu fjarskiptafyrirtækja landsins. OTT myndveitur, sbr. t.d. Stöð2 Marathon og Netflix, munu væntanlega verða enn fyrirferðameiri á komandi árum hér á landi, en OTT veitt efni hefur aukist gríðarlega í heiminum á undanförnum árum. Til þess að Ísland dragist ekki aftur úr er mikilvægt að efnisveitur einskorði ekki dreifingu sínu við eina tækni, þ.e. IPTV.

Með OTT væðingu hefur vissulega orðið til ný og opnari dreifileið fyrir sjónvarp/myndefni og mikilvægt er að sú þróun verði á Íslandi eins og í nágrannalöndunum. Verði efnisveitum á Íslandi leyft að tvinna efnisveitu sína við áskrift að eigin fjarskiptakerfi er afar mikil hætt á því að OTT markaður þróist ekki á Íslandi eins og í nágrannalöndunum. Nova telur nauðsynlegt að hvorki IPTV né OTT þjónustu megi tvinna við áskrift að fjarskiptakerfi. Efnisveitum skuli því vera skylt að selja neytendum aðgang að IPTV/OTT efni sínu óháð fjarskiptakerfi.

Vegna hinnar öru og mikilvægu OTT þróunar telur Nova einnig að aðilar sem veita efnisþjónustu og hafa fengið úthlutað afmörkuðu tíðnirófi til útsendinga skuli vera skylt að hafa efni í opinni dagskrá aðgengilegt fyrir OTT dreifingu þriðja aðila. Slík dreifing skuli ekki vera takmörkuð við línulega OTT miðlun en þó þannig að hagsmunir efnisveitanda séu ekki skertir með óeðlilegum hætti.

Að lokum.

Nova tekur alls ekki undir sjónarmið sem fram hafa komið hér á landi um að íslenskar efnisveitur búi við skert samkeppnisumhverfi vegna áhrifa erlendra efnisveitna. Samkeppni erlendra efnisveitna er óhjákvæmilega vegna tæknilegrar þróunar og breytinga á neyslumynstri einstaklinga sem verður samfara þeirri þróun. Öll fyrirtæki, hvort sem eru fjarskiptafyrirtæki, hefðbundnar verslanir eða önnur þjónusta, standa frammi fyrir samkeppni erlendis frá vegna margvíslegra breytinga. Fólk ferðast meira og verslar erlendis, það verslar vörur og þjónustu á netinu, það hættir að nota "gamaldags"/hefðbundna símaþjónustu og notar smáforrit/öpp þess í stað (t.d. Viber/Skype/WhatsApp) og við þessar aðstæður þurfa öll fyrirtæki að keppa. Nova vísar þess vegna á bug ýmis konar vandlætingum íslenskra efnisveitna um ósanngjarna erlenda samkeppni og kröfum þeirra um að stjórnvöld verndi þau á einhvern sértækan hátt gegn samkeppni. Það stenst enga skoðun.

Með kveðju og virðingarfyllst, f.h. Nova

Jóakim Reynisson, framkv.st. tæknimála